

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkurflugvelli, 01.11.2018
1708026GHF

Efni: Umsögn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030

Vísað er aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum 2018-2030 sem birt er í samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað eftir umsögnum um hana. Isavia ohf. þakkar fyrir tækifæri til að koma á framfæri umsögn og fer hún hér á eftir.

Fyrst ber að fagna því að fram sé komin aðgerðaáætlun þar sem kveðið er á um markmið og leiðir til að ná þeim. Þó virðist vanta upp á að skýrt sé hvaða tölulegu markmiðum hver aðgerð á að ná og hvernig þessar aðgerðir samanlagt munu ná þeim árangri sem stefnt er að, þ.e. að draga úr losun þannig að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamningnum árið 2030.


Almennt telur félagið jákvætt að gert er ráð fyrir ívilnunum fyrir loftslagsvæna bíla og eldsneyti og að stefnt sé að banni við nýskráningu dísil- og bensínbíla en leggur þó áherslu á að mögulegt verði að fá undanþágur í þeim tilvikum sem sérhæfð tæki (t.d. við flugvelli) eru ekki fánleg sem loftslagsvæn.

Í umfjöllun um aðgerð 3, stuðning við innviði fyrir rafbíla og aðrar vistvænar bifreiðar, segir m.a. að fyrir liggja að fjölga þurfi hleðslustöðvum við Leifsstöð, á fjölsóttum ferðamannastöðum og á landsbyggðinni (undirstrikun bréfrítara). Að mati Isavia er afar óskýrt hvað átt er við með þessu. Eins og fram kom á fundi fulltrúa félagsins með nefnd á vegum UAR sem vann að gerð aðgerðaáætlunarinnar hafa þegar verið settar upp hleðslustöðvar fyrir einkabíla við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og gert er ráð fyrir að þeim verði fjölgað enn frekar. Ef aðgerðaáætlunin vísar til þess að aðrir aðilar en Isavia þurfi að setja upp hleðslustöðvar, t.d. bílaleigur eða aðrir, er nauðsynlegt að það komi fram með skýrum hætti hvaða aðilar eiga að bera ábyrgð á þeirri aðgerð. Þá telur félagið að fjöldi tengla á langtímastæðum við flugvelli sé alrangur mælikvarði á árangur í þessum efnum. Það er ekki endilega besta leiðin að vera með raftengla á langtímabílastæðum enda ekki heppilegt að bílar sem geymdir eru í marga daga og jafnvel margar vikur á bílastæði standi í sambandi og komi þannig í veg fyrir að aðrir geti nýtt tengilinn. Hentugra er að boðið sé upp á þjónustu þar sem bílum sé ekið í hleðslustæði og þeim skilað fullhlöðnum í almennt bílastæði þar sem eigendur geti sótt þá eða að bílaeigendur geti hlaðið í hraðhleðslu fyrir eða eftir flug. Mælikvarði árangurs ætti því frekar að byggja á að þörf sé uppfyllt, því fjöldi tengla, sérstaklega á langtímastæðum, segir lítið til um notkun og raunverulega þörf. Eins vill félagið benda á að það á langtímastæði á Keflavíkurflugvelli, en ekki öðrum flugvöllum, og að við uppsetningu hleðslustöðva og tengla, t.d. á Reykjavíkurflugvelli yrði að huga að eignarhaldi á landsvæði slíkra stæða þannig að skýrt sé hver ber ábyrgð á framkvæmd aðgerðar. Á öðrum flugvöllum þarf að tryggja fjármagn til slíkrar uppbyggingar í þjónustusamningi Isavia og samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis um rekstur flugvalla.

Í texta við aðgerð 15, landtengingu, segir að öllum flugvélum verði gert skylt að nota landtengingu þegar þær standi á stæðum við flugstöðvarbyggingar. Hér telur félagið að skýra þurfi nánar hvað falli þarna undir. Er einungis átt við flugvélar sem leggja upp við flugstöð (tengdar við byggingu með landgangi) eða er átt við allar flugvélar á flugvélastæðum fyrir utan flugstöðvarbyggingar? Í þessu samhengi er vert að benda á að í aðgerðaáætluninni er talað um flugvelli í fleirtölu. Aðrir flugvellir en Keflavíkurflugvöllur bjóða ekki uppá tengingar flugvéla við flugstöðvarbyggingar. Þar standa flugvélar á stæðum á flughlaði og það eru flugafgreiðsluaðilar sem bera ábyrgð á tengingu við rafmagn, sem í flestum, ef ekki öllum tilfellum eru færanlegar díselrafstöðvar. Eins verður að gera athugasemd við árangursmælikvarðann, fjölda flugvéla sem nota tengingu, alla vega ef ekki liggur fyrir hvaða hlutfall af heild er um að ræða.

Að lokum vill félagið sérstaklega fagna aðgerð 34 þar sem mikilvægt er að fram komi góðar leiðbeiningar um hvernig beita megi skipulagsgerð til að ná árangri í loftslagsmálum

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ohf.,



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir lögfræðingur